

Sp.

87. Tillaga til þingsályktunar

[84. mál]

um iðnaðarstefnu.

Flm.: Friðrik Sophusson, Birgir Ísl. Gunnarsson, Pétur Sigurðsson,
Porv. Garðar Kristjánsson, Albert Guðmundsson, Lárus Jónsson,
Halldór Blöndal, Steinþór Gestsson, Egill Jónsson,
Jón Porgilsson, Jósef H. Þorgeirsson, Matthías Á. Mathiesen,
Salome Þorkelsdóttir, Matthías Bjarnason, Eyjólfur Konráð Jónsson,
Ólafur G. Einarsson, Sverrir Hermannsson, Guðmundur Karlsson,
Geir Hallgrímsson.

I. Markmið.

Vegna líklegra breytinga í atvinnulífi landsmanna á næstu árum og vaxandi hlutdeildar iðnaðar í atvinnuöryggi og lífskjörum þjóðarinnar ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir framkvæmd iðnaðarstefnu sem hafi eftirfarandi meginmarkmið:

1. Að skapa iðnaðinum almenn skilyrði fyrir arðbæran rekstur fyrirtækja og að byggja iðnþróun á grundvelli fríverslunar og athafnafrelsis og örva til nýrra átaka á sviði nýjunga í framleiðslu.
2. Að örva framleiðni í íslenskum iðnaði þannig að framleiðnistig hans verði sambærilegt við það, sem gerist í helstu viðskiptalöndum, og skilyrði skapist fyrir bætt lífskjör.
3. Að stuðla að hagkvæmari fjárfestingu í iðnaði til þess að hann verði undirstaða bættra lífskjara og stuðli þannig að atvinnuöryggi þeirra, er við hann starfa, og skapi jafnframt ný atvinnutækifæri.
4. Að leggja sérstaka áherslu á að efla iðnað á þeim sviðum þar sem innlendir samkeppnisyfirburðir geta nýst til arðbærrar framleiðslu á vörum og þjónustu jafnt fyrir heimamarkað sem til útflutnings.

5. Að nýta sem best þá möguleika til iðnaðarframleiðslu, sem felast í innlendum orkulindum, og efla innlenda aðila til forustu á því sviði. Orkufrekur iðnaður verði þáttur í eðlilegri iðnþróun í landinu og leitað verði eftir samvinnu við erlenda aðila eftir því sem nauðsynlegt og hagkvæmt er á hverjum tíma. Jafnframt verði áhersla lögð á úrvinnslu-iðnað í tengslum við þann orkufreka iðnað og stóriðju sem fyrir er í landinu og efnt verður til.
6. Að bæta starfsskilyrði og auka áhrif starfsfólks á vinnustöðum í samstarfi og samráði við samtök launþega og atvinnurekenda í iðnaði. Enn fremur að koma í veg fyrir skaðleg áhrif af völdum iðnvæðingar á náttúru landsins og umhverfi.

II. Leiðir.

Ofangreindum markmiðum verði náð m. a. með eftirfarandi leiðum:

1. Bætt verði aðstaða til iðnrekstrar með því að búa iðnaði sömu starfsskilyrði og öðrum höfuðatvinnuvegum. Í því skyni verði m. a. tekinn upp virðisaukaskattur, álagning aðstöðugjalds og launaskatts samræmd milli atvinnuvega og endurkaupakerfi rekstrarlána verði látið ná að fullu til iðnaðar.
2. Við gengisákvæðanir verði tekið tillit til samkeppnisaðstöðu iðnaðarins jafnt á heima-markaði sem erlendis.
3. Lánasjóðir iðnaðarins verði eflir með því að rýmka verulega heimildir til lántöku. Þeim verði þannig gert kleift að takast á við stærri verkefni og að auka verulega þátttöku sína í fjármögnun á umbótum og nýsköpun í iðnaði. Arðsemi fjárfestinga sé ráðandi við veitingu fjárfestingarlána.
4. Fjármagn til rannsókn- og þróunarstarfsemi verði aukið og fyrirtæki örvuð til aðgerða í þeim efnum.
5. Starfsemi þjónustustofnana iðnaðarins verði eflid og löguð að breyttum þörfum hans. Áhersla verði lögð á fræðsluhlutverk stofnananna, möguleika þeirra til framleiðni-aukandi aðgerða, nýsköpunar í iðnaði og útflutnings iðnaðarvara. Áhrif samtaka iðnfyrirtækja á stjórnun stofnananna verði aukin.
6. Ríkisvaldið stuðli að uppbyggingu fjármagnsfreks nýiðnaðar, m. a. orkufreks iðnaðar er hagnýti innlenda orku og hráefni. Slíkur iðnaður taki mið af æskilegri atvinnu- og byggðapróun og umhverfisvernd. Hugsanlegir samningar við erlenda aðila um eignar-aðild að stóriðjufyrirtækjum geri ráð fyrir þeim möguleika, að íslenskur almenningur eignist fyrirtækin á ákveðnum tíma og að þau lúti íslenskum lögum.
7. Nýting orkulinda og verðlagning orku miði að því að skapa innlendum iðnaði vaxtar-möguleika og bætta samkeppnisaðstöðu.
8. Stjórn á iðnrekstri ríkisins verði samræmd og gerð markvissari með tilliti til iðnþróunar. Þannig verði skipulagslegt forræði slíks iðnaðar í höndum aðila er hafi fjárhagslegt bolmagn til að undirbúa og standa fyrir arðvænlegum nýiðnaðarverkefnum. Almenníngi verði gefinn kostur á að gerast beinn eignaraðili að iðnfyrirtækjum sem nú eru í eigu ríkisins.
9. Stuðlað verði að iðnþróun í landshlutunum, m. a. með starfsemi iðnþróunarfulltrúa á vegum samtaka sveitarfélaga.
10. Iðngarðar verði byggðir með lánafyrirgreiðslu til sveitarfélaga eða samtaka í iðnaði.
11. Útflutningsviðleitni fyrirtækja verði örvuð, m. a. með skattalegum aðgerðum.
12. Innkaupum opinberra aðila verði hagað á þann veg að þau örvi innlendan iðnað og iðnþróun.
13. Komið verði á samstarfi viðeigandi aðila til að bæta og kynna íslenska iðnhönnun og listiðnað, samræma viðleitni og auka tengsl við framleiðsluiðnaðinn.

14. Nú þegar verði felld niður aðflutningsgjöld af aðföngum þess iðnaðar og byggingariðnaðar sem á í beinni eða óbeinni samkeppni innanlands sem erlendis.
15. Breytt verði lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti á þann veg, að iðnaður á heimamarkaði fái aðstöðu til verðlagningar hliðstætt því sem gerist um innfluttar samkeppnisvörur.
16. Í því skyni að auka fjárfestingu í iðnaði verði stuðlað að eðlilegri eiginfjármýndun fyrirtækja með breytingum á skatta- og verðlagslögum.
17. Einstaklingsframtakið verði virkjað til nýrra átaka á sviði iðnþróunar með því að skapa einkarekstri og samtökum einstaklinga eðlileg almenn rekstrarskilyrði og þar með að á engan hátt verði fyrirtækjum mismunað skattalega eftir rekstrarformum. Stuðlað verði að aukinni samvinnu stjórnenda og starfsfólks fyrirtækja í samráði við samtök launþega og atvinnurekenda í iðnaði.
18. Framhaldsnám og tækniámenntun taki mið af æskilegri iðnþróun, m. a. með aukinni samvinnu milli skóla og stofnana og samtaka iðnaðarins. Aukin áhersla verði lögð á fullorðinsfræðslu bæði á sviði verkunnáttu og stjórnunar.
19. Upplýsingasöfnun og rannsóknir varðandi hag og þróunarhorfur í iðnaði verði eflaðar.
20. Mótuð verði stefna um verktakastarfsemi sem m.a. geri innlendum aðilum kleift að annast meiri háttar verklegar framkvæmdir. Samkeppnisstaða innlendra verktaka gagnvart erlendum aðilum verði jöfnuð.
21. Rík áhersla verði lögð á bætt starfsumhverfi og að koma í veg fyrir óæskilega röskun umhverfis af völdum iðnrekstrar. Samstarf stjórnvalda og aðila í iðnaði verði aukið til að ná því markmiði svo og til að tryggja nauðsynlegar mengunarvarnir.

III. Framkvæmd.

Við framkvæmd þeirra fjölþættu verkefna, sem þingsályktun þessi gerir ráð fyrir, þurfa stjórnvöld, samtök iðnaðarins og aðrir aðilar að stilla saman krafta sína.

Iðnaðarráðuneytið hafi forustu um að samræma aðgerðir til að greiða fyrir framgangi þessarar stefnu.

Í þessum tilgangi verði sett á fót „samstarfsnefnd um framkvæmd iðnaðarstefnu“, sem í eigi sæti samkvæmt tilnefningu einn fulltrúi frá hverjum þingflokkanna, viðskiptaráðuneyti, fjármálaráðuneyti, Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna, Landssambandi iðnverkafólks og fulltrúi iðnaðarráðuneytis, sem jafnframt verði formaður nefndarinnar.

Greinargerð.

Þessi tillaga, sem 19 þingmenn Sjálfstæðisflokksins flytja, er að grunni til þingsályktunartillaga iðnaðarráðherra, sem lögð var fram á síðasta þingi, ásamt breytingum byggðum á tillögum sjálfstæðismanna og hugmyndum, sem komu fram hjá einstökum nefndarmönnum í atvinnuálanefnd og umsagnaraðilum, einkum FÍI og SÍS.

Óafgreiddar tillögur.

Núverandi iðnaðarráðherra lagði tillögu til þingsályktunar um iðnaðarstefnu fyrst fram skömmu fyrir þinglok 1979, en hún kom þá ekki til umræðu. Hún var aftur lögð fram óbreytt haustið 1979, en var þá eigi heldur rædd vegna stjórnarslita og þingrofs. Eftir stjórnarskipti 1980 ákvað iðnaðarráðherra, sem þá hafði tekið sæti í nýrri stjórn, að biða með flutning tillögunnar til hausts og var hún því lögð fram lítils háttar breytt haustið 1980. Fimm þingmenn Sjálfstæðisflokksins fluttu þá þegar breytingartillögur og til atvinnuálanefndar bærust umsagnir nokkurra aðila ásamt hugmyndum um breytingar. Þrátt fyrir áhuga fulltrúa Sjálfstæðis- og Alþýðuflokks í atvinnuálanefnd fékkst tillagan ekki afgreidd á síðasta þingi,

enda virtist ekki vera einhugur í röðum stjórnarflokkanna um málið. Á 10. fundi atvinnu-
málanefndar Sp., sem haldinn var 21. maí 1980, óskuðu Friðrik Sophusson og Magnús H.
Magnússon eftirfarandi bókunar:

„Við lýsum yfir því, að við erum fyrir okkar leyti tilbúnir að afgreiða 86. mál um
iðnaðarstefnu með þeim breytingum, sem við höfum lagt fram. Tillagan hefur þrisvar verið
lögð fram á þingi, en aldrei hlotið afgreiðslu. Við höfum kynnt í nefndinni tillögur okkar og
ráðherrann hefur kynnt nýjar tillögur í málinu. Við teljum, að nefndin eigi að gefa út
nefndarálit, þannig að þingið geti tekið afstöðu til málsins.“

Skemmst er frá því að segja, að nefndarálit var ekki gefið út.

Tillögurnar um stefnumótun í iðnaði eiga rætur að rekja til nefndarálits samstarfs-
nefndar um iðnþróun, en því var dreift í maí 1979 til alþingismanna og aftur í október 1980.
Í álitinu er fjallað ítarlega um meginatriði iðnaðarstefnu, forsendur iðnþróunar, markmið,
starfsskilyrði iðnaðar, aðgerðir innan fyrirtækja, nýsköpun í iðnaði og framkvæmd iðnþró-
unarátvika.

Starfsskilyrði iðnaðar.

Talsmenn iðnaðarins háfa um árabíl bent á að starfsskilyrði greinarinnar séu lakari en
annarra atvinnugreina. Af því tilefni samþykkti núverandi ríkisstjórn hinn 30. mars 1980 að
setja á stofn nefnd til að gera samanburðarathugun á starfsskilyrðum iðnaðar, sjávarútvegs
og landbúnaðar, og var við það miðað að nefndin skilaði álitu fyrir 1. júlí á s. l. ári. Nefndin
var hins vegar ekki skipuð fyrr en í september 1980. Hún hefur starfað undir forustu dr.
Jóhannesar Nordals seðlabankastjóra og nýlega sent frá sér áfangaskýrslu, sem ríkisstjórnin
hlýtur að taka afstöðu til á næstunni í samræmi við 13. tölulið efnahagsáætlunarinnar sem
birt var um síðustu áramót, en þar segir: „Hraðað verði samanburði á starfsskilyrðum höfuð-
atvinnuveganna og þau samræmd. Tryggt verði, að starfsskilyrði iðnaðarins verði ekki lakari
en annarra atvinnugreina.“ Ríkisstjórnin hefur nýlega skipað embættismannanefnd undir
forustu Þórðar Friðjónssonar hagfræðings og er henni ætlað að semja lagafrumvörp og vinna
með starfsskilyrðanefndinni. Það hlýtur að vera þeirri nefnd fengur að fá stefnuyfirlýsingu
Alþingis í iðnaðarmálum.

Iðnaðarstefna í öðrum löndum.

Mótun iðnaðarstefnu hefur verið á dagskrá nágrannaþjóðanna á undanförunum árum og
má geta þess að OECD skipulagði ráðstefnu um þetta efni í Madrid í maí á s. l. ári. Af hálfu
Íslands sóttu ráðstefnuna: Jafet S. Ólafsson viðskiptafræðingur í iðnaðarráðuneytinu, Vil-
hjálmur Lúðvíksson formaður samstarfsnefndar um iðnþróun, Þórður Friðjónsson hag-
fræðingur forsætisráðuneytisins og Þorvarður Alfonsson framkvæmdastjóri Iðnþróunar-
sjóðs. Í frásögn þeirra af fundinum segir m. a.:

„Í stórum dráttum má segja að eftirfarandi hafi komið fram um iðnaðarstefnu **sem
flestir virtust sammála um:**

1. **Iðnaðarstefna er** skilgreind sem **yfirlýsing stjórnvalda** til samfélagsins (aðila iðnaðarins)
um þau markmið, sem stefnt skuli að, **og þær leiðir**, sem farnar skuli, og tæki, sem notuð
verði.
2. Undirstöðuatriði jákvæðrar og árangursvænlegrar iðnaðarstefnu eru:
 - sem allra mest **frelsi í viðskiptum milli landa** og svæða;
 - **öfl markaðarins verði látin ráða** ákvörðunum um framleiðslu eins mikið og frekast er
unnt og haldið við dreifðri ákvarðanatöku og frumkvæði í þeim efnunum;
 - iðnaðarstefna á að vera **vaxtarstefna en ekki varnarstefna**; aðeins með vaxtarstefnu
er hægt að uppfylla efnahagslegar og félagslegar óskir á hendur atvinnulífinu;

- aðalþættir iðnaðarstefnu séu **hagstæð almenn skilyrði fyrir arðbæran rekstur** fyrirtækja;
- **inngríp stjórnvalda** til að verja fyrirtæki gegn afleiðingum samkeppni verði **aðeins í neyðartilvikum** og miðist þá við að greiða fyrir sem skjótastri aðlögun fyrirtækjanna eða stöðvun rekstrar ella;
- **aðgerðir** stjórnvalda til að styðja við nýsköpun í iðnaði verði **aldrei til þess að afvegaleiða viðskiptalegan hugsunarhátt** hjá fyrirtækjum;
- **stefnumótun** og aðgerðir stjórnvalda **miði að því að skapa einhug og samstöðu** (consensus) um eflingu iðnaðar og þannig byggt á gagnkvæmum stuðningi stjórnvalda, fyrirtækja, samtaka (launþega og iðnrekenda) og stofnana iðnaðar, svo og velvilja og skilningi almennings, ekki síst starfsliðs í iðnaði;
- sérstök **áhersla** sé lögð á að skapa **jákvæð viðhorf** gagnvart aðlögun að breytilegum samkeppnisskilyrðum með:
 - 1) **góðu upplýsingastreymi** til fyrirtækja,
 - 2) **ráðgjöf** um stjórnunarmál, markaðs- og rekstrartæknileg efni,
 - 3) **öflugri aðstoð við starfsþjálfun og endurmenntun,**
 - 4) **hvatningu til nýsköpunar á vegum fyrirtækja með stuðningi við rannsóknar- og þróunarstarfsemi,**
 - 5) **aðstoð við að færa framleiðsluþætti** úr hnignandi greinum yfir í lífvænlegar greinar.

3. Nokkru meiri vafi var uppi um gildi beins fjárhagslegs stuðnings stjórnvalda við þróunarstarfsemi, markaðsöflun og útflutningsstarfsemi og með opinberum innkaupum til að auðvelda nýsköpun. Slíkar aðgerðir eru í meira og minna mæli stundaðar í öllum löndunum og talið æskilegt að setja alþjóðlegar reglur um þær til að forða neikvæðum áhrifum á samkeppnisstöðu milli landa og greina. Flestir töldu að slíkar aðgerðir gætu þó verið eðlilegur þáttur í því að greiða fyrir aðlögun.“

Undir þessi ríkjandi viðhorf í nágrannalöndunum vilja flutningsmenn þessarar tillögu taka í megindráttum.

Nauðsyn stefnumótunar.

Iðnaðarráðherra hefur ekki tekist, þrátt fyrir þrjár tilraunir, að koma iðnaðarstefnu sinni í gegnum þingið. Með þessari tillögu freista sjálfstæðismenn þess að fá fram stefnuyfirlýsingu Alþingis í iðnaðarmálum. Við gerð tillögunnar hefur verið tekið tillit til sjónarmiða, sem fram hafa komið frá alþingismönnum og hagsmunaaðilum, þannig að gera má ráð fyrir viðtæku samkomulagi um tillöguna. Skýr stefnumótun Alþingis í iðnaðarmálum er nauðsynlegt aðhald fyrir ráðvillta ríkisstjórn, sem hefur óljósar hugmyndir um úrlausnir í málafnum iðnaðarins. Ótvíræð yfirlýsing Alþingis er því öryggismál þeirra fjölmörgu, sem stunda störf í iðnaði, og staðfestir mikilvægt framtíðarhlutverk atvinnugreinarinnar.

Í framsöguræðu verður gerð grein fyrir einstökum greinum tillögunnar.